

Einelti í leikskólum:

Forvarnir með hjálp barnabóka

Ellen Dröfn Gunnarsdóttir og Jóna K. Þórisdóttir
Ohlsson



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu
í Leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2010

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Einelti í leikskólum:

Forvarnir með hjálp barnabóka

Ellen Dröfn Gunnarsdóttir

090681-3979

Jóna Kristbjörg Þórisdóttir Ohlsson

110581-3359



Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, leikskólakennarafræði

Apríl 2010

Leiðbeinandi: Helga Birgisdóttir

Ágrip

Lokaritgerð þessi er unnin til B.Ed.-gráðu í leikskólakennarafræðum. Markmiðið var að skoða einelti og hvernig má nota barnabækur og kennsluaðferðir sem forvörn í leikskólum. Í eineltisumræðunni er oft fjallað um einelti eins og það eigi sér einungis stað í grunnskólum. Eftir ítarlega leit að rannsóknum og/eða athugunum á einelti innan leikskóla fundust mjög fáar heimildir um efnið, sem bendir til að einelti hafi lítið verið skoðað hjá leikskólabörnum. Úrræði gegn einelti voru einnig könnuð og kom í ljós að flest þeirra voru miðuð við grunnskóla og jafnframt mjög sjaldan við leikskóla. Þess vegna var ákveðið að leggja fram tillögur að öðrum úrræðum til þess að vinna gegn einelti á leikskólum. Ákveðið var að nota tvær barnabækur og ýmsar kennsluaðferðir sem forvörn gegn einelti í leikskóla. Kennsluaðferðirnar byggja á sköpun og hugsunum barnanna sjálfra.

Efnisyfirlit

Ágrip	4
1 Inngangur	8
2 Skilgreining á hugtakinu einelti	9
2.1 Birtingarmyndir eineltis	10
2.2 Þolendur	12
2.3 Gerendur.....	14
2.4 Meðhlauparar eineltis.....	15
2.5 Afleiðingar eineltis.....	16
2.6 Umfjöllun um einelti í Aðalnámskrá leikskóla	17
3 Hlutverk leikskólans	17
4 Eineltisáætlanir í grunnskólum	19
4.1 Olweusaráætlunin.....	19
4.2 Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun.....	20
4.3 Stig af stigi	21
5 Rannsóknir á einelti í leikskólum	22
5.1 Rannsókn með leikskólabörnum í Bergen	23
5.2 Rannsókn með leikskólakennurum í Bern	24
6 Hlutverk leikskólakennarans	25
6.1 Efla félagsfærni	26
7 Foreldrar	28
8 Barnahópurinn	29
9 Bækurnar	29
9.1 Lena Sól	30
9.2 Má ég vera memm?	31
10 Unnið með bækurnar	32
10.1 Þemað einelti og stríðni.....	33
10.2 Umræður með börnum	35
10.3 Leikræn og myndræn tjáning	36
11 Niðurlag	38
12 Heimildaskrá	42

1 Inngangur

Einelti er viðurkennt vandamál í grunnskólum sem hefur verið mikið rannsakað undanfarin ár. Flest allir grunnskólar á Íslandi, og víðar, styðjast við einhverja eineltisáætlun í von um að geta dregið úr einelti. Helstu áætlanirnar sem eru notaðar eru Olweusaráætlunin, Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun og Stig af stigi. Markmið áætlanna er að vekja börnin til umhugsunar um áhrif eineltis og þannig reyna að koma í veg fyrir það. Einelti í leikskólum hefur ekki hlotið mikla fræðilega umfjöllum. Einelti er alltaf alvarlegt, sama í hvaða formi það birtist. Rétt viðbrögð við einelti skipta miklu máli, best væri að sporna gegn einelti og koma í veg fyrir það alfarið en einnig er mikilvægt að hægt sé að taka strax á því um leið og það kemur upp.

Hér verður fjallað um ýmiss svið eineltis, afleiðingar eineltis og hvað leiðir eru í boði til þess að draga úr einelti. Ákveðið var að skoða rannsóknir á einelti í leikskólum, leitað var að íslenskum og erlendum rannsóknum en þrátt fyrir ítarlega leit fundust fáar rannsóknir og/eða athuganir á einelti innan leikskóla. Vegna þeirra fáu rannsókna sem fundust var ákveðið að kanna möguleika barnabókmennta og kennsluaðferða í leikskólum sem forvörn við einelti.

Hugmyndin um hvernig megi styðjast við barnabókmenntir til að vekja börn til umhugsunar um stríðni og einelti byggir á okkar reynslu. Það að börn ættu auðveldara með að tjá tilfinningar og skoðanir sínar á einelti og stríðni í gegnum umræður út frá bókum og í gegnum leikræna- og myndræna tjáningu. Það væri hugsanlega auðveldara að ræða við börn um bækur heldur en atvik sem þau hafa sjálf lent í eða upplifað. Höfundar telja að bókmenntir geti haft áhrif á eineltisforvarnir og ákveðið var að styðjast við tvær barnabækur til þess að hjálpa börnum að skilja hvað felst í einelti og stríðni. Bækurnar *Lena Sól* sem er eftir Sigríði Eyþórsdóttur (1983) og *Má ég vera memm?* eftir Hörpu Lúthersdóttur (2003) voru valdar. Unnið er með bækurnar í þemanu einelti og stríðni sem er skipulögð þemavinna fyrir elstu börnin í leikskólum. Sett verður fram áætlun um hvernig bækurnar eru lesnar og hvernig hægt er að vinna með þær. Auk þess að leggja fram tillögur að umræðuefni og spurningum tengdum bókunum. Ákveðnar voru þrjár kennsluaðferðir sem að mati höfunda passa leikskólabörnum, það eru skipulagðar umræður, leikræn tjáning og myndræn tjáning.

2 Skilgreining á hugtakinu einelti

Einelti er alvarlegt mál og því miður eru alltof margir sem lenda í einelti einhvern tímann á lífsleiðinni. Það sem sumir líta á sem saklausa stríðni getur haft meiri áhrif á þolandann en nokkurn mann grunar. Mikilvægt er að þekkja muninn á stríðni og einelti, hvenær farið er yfir mörkin og hvenær sá sem verður fyrir eineltinu finnur fyrir vanlíðan og hræðslu. Þetta er ekki svo auðvelt að gera og mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að einelti mótast einstaklinginn á neikvæðan hátt ef hann fær ekki hjálp.

Fræðimenn skilgreina einelti á mismunandi hátt. Einn þekktasti fræðimaður um einelti á Norðurlöndunum er prófessor Dan Olweus, sænskur sálfræðingur sem hefur rannsakað einelti og líðan barna. Skilgreining Olweus á einelti felst í því að einelti eigi sér stað þegar ein manneskja verður endurtekið og í lengri tíma fyrir neikvæðum verknaði eins og líkamlegu- og andlegu ofbeldi, frá einum eða fleiri einstaklingum (Olweus, 1994:17). Olweus leggur áherslu á muninn á beinu og óbeinu einelti. Beint einelti skilgreinir hann sem beinar og nokkuð sýnilegar árásir á þolandann en óbeint einelti er þegar þolandinn er útilokaður eða einangraður frá hinum í hópnum (Pettersen, 1997:13). Jafnframt bendir Olweus á að orð, látbragð, einangrun og útilokun, sem er óbeint einelti, getur verið eins skaðlegt og særandi og líkamlegt ofbeldi líkt og högg eða spörk, það sem er kallað beint einelti (Pettersen 1997:16).

Reidar J. Pettersen (1997), sem er norskur uppeldisfræðingur, skilgreinir einelti sem aðstæður þar sem að ein manneskja verður fyrir neikvæðum verknaði frá öðrum einstaklingi eða hóp sem hefur áhrif á andlegan og/eða líkamlegan líðan þolandans. Pettersen bendir á að þolandinn sé minnimáttar og að eineltið endurtekur sig alltaf yfir lengra tímabil.

Roland og Sörensen Vaaland (1996) skilgreina einelti sem áreiti af því tagi að ofbeldi beinist að einni manneskju í lengri eða skemmri tíma. Í einelti felst misbeiting á valdi, sá kraftmeiri ræðst á þann kraftminni. Orðið einelti er yfirleitt notað um endurtekið atferli. Atvik sem einstaklingur verður fyrir aðeins einu sinni getur hins vegar stundum verið nálægt því að teljast einelti (Elín Einarsdóttir og Guðmundur Ingi Leifsson, 2001:11).

Guðjón Ólafsson tekur saman í bók sinni *Einelti* (1996) það sem fræðimenn eru sammála um í skilgreiningu á hugtakinu einelti. Samkvæmt þeirri skilgreiningu

er um einelti að ræða þegar einhver er tekin fyrir og þíndur, andlega og/eða líkamlega, aftur og aftur í lengri tíma af einum eða fleiri einstaklingum (Guðjón Ólafsson, 1996:11).

Skilgreiningarnar hér á undan á einelti eru allar mjög svipaðar. Það sem fræðimenn eru sammála um að einelti sé langvarandi, endurtekið ofbeldi gegn sama einstaklingi. Fræðimenn eru einnig sammála um að einelti getur verið beint og óbeint. Hér verður stuðst við skilgreiningu prófessors Dan Olweus vegna þess að gjarnan byggja aðrir fræðimenn sínar skilgreiningar á skrifum og rannsóknum Olweus.

Stærsti munurinn á stríðni og einelti er sá að einelti er endurtekið áreiti oftast í langan tíma og getur þróast út í ofbeldi bæði líkamlegt og andlegt. Aftur á móti er stríðni oft gagnkvæm þar sem þeim sem er strítt tekur jafn mikinn þátt og sá sem stríðir. Einstaklingarnir eru oftast jafn sterkir þegar um stríðni er að ræða. Stríðni er eðlileg hegðun hjá öllum og er hluti af okkar samfélagi sem getur þróast, orðið alvarleg og þá valdið þeim sem strítt er tjóni. Slíkt tjón er ekki í líkingu við þau mein sem að þolandi eineltis verður fyrir.

2.1 Birtingarmyndir eineltis

Einelti hefur margar birtingarmyndir en samkvæmt umboðsmanni barna um einelti geta þær verið þessar:

- *Munnlegt ofbeldi.* Um er að ræða uppnefningar, stríðni og niðurlægjandi athugasemdir.
- *Félagslegt ofbeldi.* Þegar einstaklingurinn er skilinn útunda og fær ekki að taka þátt t.d. í afmælisveislum og öðru slíku sem bekkjafélagar þeirra eru að gera.
- *Efnislegt ofbeldi.* Þegar eigur þess sem verður fyrir ofbeldinu eru eyðilagðar eða þeim stolið.
- *Andlegt ofbeldi.* Þegar einstaklingur er látinn gera eitthvað sem stríðir á móti vilja hans og réttlætiskennnd.
- *Líkamlegt ofbeldi.* Þegar einstaklingur verður fyrir ofbeldi af hálfu annarra.

(Umboðsmaður barna, á.á.)

Í skýrslu Þórhildar Líndal, *Einelti kemur öllum við* (1998) kemur fram að samkvæmt erlendum rannsóknum á einelti komi 60 til 70% allra barna ekki nálægt

einelti, hvorki sem fórnalömb né gerendur. Á hverjum degi verða þessi börn þó vitni að eineltisatvikum og eiga þar með hlut að máli, án þess að gera sér grein fyrir því. Það getur verið skemmtilegt að ærslast en þá þurfa allir sem taka þátt að vera sammála um að svo sé (Þórhildur Líndal, 1998:8).

Einelti getur verið dulið. Þegar gerandi eða gerendur hafa náð yfirtökum á þolandanum má segja að eineltissamband hafi myndast. Eftir það er nóg að gerandinn sendi þolandanum augnaráð þá er honum ógnað og hann finnur til hræðslu og óöryggis (Sharp og Smith, 2000:13). Mikilvægt er að koma börnum í skilning um að það er í lagi að segja frá og að það sé nauðsynlegt svo hægt sé að taka á þessum málum til þess að koma bæði þolandanum og gerandanum til hjálpar.

Það er einnig mikilvægt fyrir þá sem koma að er að geta þekkt merki eineltis. Merki eineltis geta verið augljós þá sérstaklega þegar um beint ofbeldi er að ræða, stympingar, barsmíðar og þess háttar. Einkenni eineltis geta verið að barn komi heim úr skóla með rifin eða skemmd föt, skóladót hafi verið eyðilagt eða sé skemmt, barnið er með líkamleg einkenni eins og klórfar, sár eða aðra líkamlega áverka sem erfitt er að skýra. Þegar eitt eða fleiri einkenni birtast hjá barni oftast en einu sinni á stuttum tíma getur það verið augljóst merki um einelti (Guðjón Ólafsson, 1996:30).

Afleidd einkenni geta verið til staðar hvort sem um er að ræða beint eða óbeint einelti. Þetta auðveldar hugsanlega að sjá að eitthvað sé að þegar um óbeint einelti er að ræða. Foreldrar þurfa að vera á varðbergi þegar eitthvað að þessum einkennum koma í ljós, en þau geta verið:

- Barn fær ekki heimsókn frá skólafélögum eða öðrum jafnöldrum og fer heldur ekki í heimsóknir til þeirra.
- Barni er sjaldan/aldrei boðið í teiti eða aðrar samkomur á vegum bekkjarfélaganna eða neitar að fara þegar því er boðið.
- Barn leitast ekki eftir að bjóða bekkjarfélögum heim til sín, heldur ekki teiti eða samkomur.
- Barn er tregt til að fara í skólann á morgnana. Barn ber við lystarleysi, kvíða og öðrum líkamlegum einkennum vanlíðan.
- Barn velur krókaleiðir til og frá skólanum.
- Barn hefur erfðar draumfarir, grætur jafnvel í svefni og vaknar þreytt. Getur einnig vaknað á undan vekjaralukkunni.
- Barn missir áhugann á skólastarfinu og fær lægri einkunnir en áður.

- Barn er vansælt, niðurdregið, skiptir snögg skapi og tekur „æðisköst“
- Barn krefst peninga og hnuplar (til að þóknast kvalara)

(Guðjón Ólafsson, 1996:30-31).

Það er mikilvægt að hafa í huga að einelti er ekki einangrað fyrirbæri án nokkurra tengsla við það andrúmsloft sem að ríkir í því félagslega umhverfi sem það á sér stað í. Einelti er eitt afsprengi erfiðleika og vandræða í samskiptum einstaklinga. Það er líklegt að í skólum og á vinnustöðum þar sem einelti fer fram sé einnig mikið um önnur vandamál, vanlíðan og árekstra í samskiptum (Guðjón Ólafsson, 1996:8).

Með aukinni tækni, s.s. farsímum og interneti, hefur bæst við ný leið til eineltis svo kallað rafrænt einelti (e. Cyber bullying). Yfirleitt eru eldri einstaklingar sem hafa þekkingu og færni á þessum hlutum sem að stunda rafrænt einelti. Þessa tegund af einelti er hægt að framkvæma án þess að koma fram undir nafni. Gerandinn getur einnig sent skilaboðin undir nafni þolandans. Það sem internetið hefur engin landamæri getur þolandinn orðið endalaust fyrir árás gerandans og á erfitt með að finna sér skjól. Það sem einu sinni fer á netið hvort sem það eru niðurlægjandi myndbirtingar eða illt umtal er ekki afturtekið. Rafrænt einelti getur verið dulið og því mikilvægt fyrir foreldra að ræða við börn sín um afleiðingar þess (Þorlákur H. Helgason, 2009:6).

2.2 Þolendur

Þolendur eineltis, eins og annars ofbeldis, kenna sér oft um stöðuna sem þeir eru í og skammast sín fyrir það. Þeir eiga oft erfitt með að segja frá stöðu sinni, sérstaklega ef ofbeldið er óbeint og það sér ekki á þeim. Einnig láta gerendur oft hótanir fylgja með „að ef þau kjafti frá þá bíður þeirra eitthvað verra“ og því þorir þolandinn ekki að segja frá (Guðjón Ólafsson, 1996:29). Þolendum eineltis er hægt að skipta í tvo ólíka hópa. Í fyrri hópnum eru aðgerðarlausir eða undirgefnir þolendur og í þeim seinni eru ögrandi þolendur.

Aðgerðalausir eða undirgefnir þolendur eru hlédrægir, varkárir og viðkvæmir. Sjálfstraust þeirra er takmarkað og þeir eru óöruggir. Sjálfsmýndin er neikvæð og neikvæðri sjálfsmýnd fylgir oft streita, kvíði, vanlíðan, þunglyndi og áhættuhegðun.

Þessi börn eiga fáa eða enga vini. Þeim finnst auðveldara að umgangast fullorðna en jafnaldra sína.

Ögrandi þolendur eineltis geta verið skapbráðir og reyna að svara fyrir sig en oftast án árangurs. Almenn er litið á þessa einstaklinga sem erfiða í umgengni og reyna þeir oft á þolrifin hjá fullorðnu fólki. Ögrandi þolendur eru stundum greindir með ofvirkni, þeir eru eirðarlausir, klunnalegir, óþroskaðir og sumir glíma við námsörðuleika. Ögrandi þolendur reyna oft að leggja þá sem eru meira veikburða í einelti til þess að finna til styrks (Olweus, 2003:31).

Flest fórnarlömb eineltis eru viðkvæm börn eða unglingar. Þau sýna oft meiri ótta en önnur börn við erfiðar félagslegar aðstæður og breyta auðveldlega í grát þegar þau verða fyrir mótlæti. Þolendur eru oft undir meðallagi í námsárangri og hafa lélegri sjálfsmýnd en meðalbarn. Drengir sem lagðir eru í einelti eru oft undir meðallagi hvað varðar líkamsstyrk en það virðist þó ekki hafa áhrif á stöðu stúlkna. Staðalímyndir eiga ekki við þegar það kemur að einelti og útlit virðist ekki skipta miklu máli. Þolendur eineltis eru oft einmana í skólanum sem og utan hans en tilheyra öllu jafnan hópum sem eru yngri en þeir sjálfir (Elín Einarsdóttir og Guðmundur Ingi Leifsson, 2001:16).

Allir geta orðið fyrir einelti, ekki bara viðkvæmu og hlédrægu börnin. Félagsleg staða skiptir líka miklu máli. Þau börn sem eru veik fyrir félagslega verða gjarnan fyrir einelti og þeir sem eru félagslega sterkir eru oftast gerendur eineltis. Barn sem er að byrja í nýjum skóla getur verið í félagslega veikri stöðu og þarf að fylgjast með líðan þess og hvernig því gengur að falla inn í hópinn (Svava Jónsdóttir, 2003:18). Skólaskipti geta hjálpað til við að losna undan gerenda eða gerendum og koma barninu í nýtt umhverfi, en slíkt er alls ekki algilt og getur jafnvel gert illt verra.

Yngri börn sem verða fyrir einelti eru líklegri til að segja foreldrum og vinum frá en starfsfólki skólans á meðan eldri börn eru líklegri til að segja engum frá. Yfirleitt stafar það af hræðslu og skömm ásamt því að þeir óttast hótanir og hefndaraðgerðir frá geranda og trúá ekki að skólinn muni grípa inn í (Sharp og Smith, 2000:14).

Langflestir nemendur munu upplifa stríðni á einn eða annan hátt en sumir eru í meiri hættu á að upplifa langvarandi einelti en aðrir. Lítil hluti af þeim sem verða fyrir einelti geta átt þátt í því sjálfir með því að sína óviðeigandi eða ögrandi hegðun

sem dæmi að trufla leik sem önnur börn eru í eða „þirra“ aðra í kringum sig (Sharp og Smith, 2000:14).

2.3 Gerendur

Allir geta lent í þeim aðstæðum að þurfa upplifa einelti á einn eða annan hátt hvort sem þeir eru gerendur, þolendur eða áhorfendur. Það er algengast að drengir séu gerendur hvort sem þeir eru einir eða nokkrir í hóp og beita þeir oft líkamlegu ofbeldi. Stúlkur virðast þó ráðast á aðra í hópum og beita þá óbeinu einelti sem er erfiðara að koma auga á en það beina (Sharp og Smith, 2000: 11).

Gerendur eineltis eru yfirleitt einstaklingar sem eiga við einhver vandamál að stríða og upphefja sjálfan sig með því að láta öðrum líða illa. Ekki er rétta leiðin að refsa þeim heldur verður að hjálpa þeim og koma þeim í skilning um hvað þeir eru að gera (Svava Jónsdóttir, 2003:15).

Niðurstöður rannsókna Olweus (2003) sýna fram á að gerendur eineltis hafi ekki slæma sjálfsmynd heldur sé hún svipuð og hjá meðalmanneskju og jafnvel jákvæðari. Olweus bendir á að áður var því haldið fram að gerendur eineltis væru undir hörðu yfirborði öruggir og hræddir einstaklingar en rannsóknir hans sýna að þessir einstaklingar eru óvenju lítið hræddir og fremur öruggir með sig (Olweus, 2003:31). Þeir sem leggja aðra í einelti geta byrjað á því snemma jafnvel í leikskóla. Þessi hegðun getur fylgt þeim alveg fram á fullorðinsárin og margir gerendur hafa mikla þörf til þess að stjórna og vera forsprakki barnahópsins. Gerendur eru oft vinsælir og ná oft hátindinum þegar þeir eru fjórtán til fimmtán ára. Eftir það fara vinsældir þeirra að dala. Þeir hafa gjarnan jákvætt viðhorf til ofbeldis og eru oft árásgjarnir í framkomu hvort sem það er í samskiptum við börn eða fullorðna, þeir eiga mjög erfitt með að setja sig í spor annarra og finna til með öðrum. Þeir finna ekki til sektarkenndar þegar þeir gera á hlut annarra. Oft eru þó undantekningar og þó svo að það hafi verið kannað og að þetta sé ríkjandi hegðun hjá geranda þá eru einnig til dæmi um að börn sem sýna ekki þessa dæmigerðu hegðun leggi aðra í einelti (Svava Jónsdóttir, 2003:19).

Rannsóknir benda til þess að gerendur eineltis búi við minni hlýju, nálægð og öryggi frá sínum nánustu en önnur börn. Þeir fá ekki sömu skilaboð og önnur börn um muninn á réttu og röngu. Einnig kemur fram í rannsóknum að þessir einstaklingar hafi upplifað „harðari“ aðferðir í uppeldi af hálfu foreldra og er þá verið að tala um

líkamlegar refsingar, mikla tilfinningasemi og reiði (Svava Jónsdóttir, 2003:19). Börn læra það sem fyrir þeim er haft ef þau eru alin upp við líkamlegar refsingar eins og Svava Jónsdóttir (2003) talar um kemur ekki á óvart að þau verði áráshneigðari en önnur börn.

Olweus hefur tekið saman fjóra þætti sem virðast skipta miklu máli um hvernig börn þróa með sér áráshneigð:

- 1) Tilfinningaleg afstaða foreldra skiptir sérstaklega miklu máli fyrstu þrjú til fjögur árin. Skortur á hlýju og umhyggju eykur líkur á áráshneigð.
- 2) Hvort foreldrar eru undirlátssamir og eftirgefanlegir. Ef foreldrar hafa ekki sett barninu skýr takmörk getur það leitt til aukinnar áráshneigð.
- 3) Ef að börn eru beitt ofbeldi heima fyrir t.d. líkamlegum refsingum
- 4) Skapgerð barnsins. Ef að barn er mjög virkt og hefur mikið skap er því hætt við að verða áráshneigt. Þessi þáttur er samkvæmt Olweus veikari áhrifaþáttur en þeir sem taldir voru upp á undan.

(Olweus, 2003:30)

Það má sjá á þessari upptalningu Olweus að áhrif foreldra á börnin sín eru mikill vegna þessa er mikilvægt að foreldrar geri sér grein fyrir mikilvægi hlutverks þeirra í lífi barna sinna.

2.4 Meðhlauparar eineltis

Meðhlauparar eineltis (s. meðhjálparar) eru einskonar klapplið sem hvetja gerendur áfram. Þeir taka stundum þátt í eineltinu og stundum ekki. Þeir bera ekki sömu einkenni og gerandinn sjálfur. Sumir meðhlauparar hafa sjálfir orðið fyrir einelti að hálfu gerandans. Ein ástæða fyrir því að taka þátt í eineltinu gæti þá verið að koma sér í mjúkinn hjá gerandanum til að losna sjálfur undan einelti. Önnur ástæða gæti verið að meðhlauparinn líti á gerandann sem fyrirmynd (Guðjón Ólafsson, 1996:27). Það að taka þátt í einelti vegna þess að gerandinn er álitinn vera vinsæll hefur verið kallað félagslegt smit. Þeir sem smitast eru oft óöruggir með sig og vilja vekja á sér athygli (Olweus, 2003:32).

Ef enginn reynir að koma í veg fyrir eineltið er í raun verið að umbuna gerandanum. Þegar afleiðingar eru engar fyrir gerandann getur það haft þau áhrif að fleiri og fleiri taki þátt í eineltinu. Þannig er talið að einstaklingar finni til minni ábyrgðar á gjörðum sínum ef að margir taka þátt í neikvæðu atferli. Með þessum

hugsunarhætti er hættu á því að einstaklingar leiðist út í þátttöku í einelti án þess að hugsa sig um tvisvar (Olweus, 2003:11).

2.5 Afleiðingar eineltis

Afleiðingar eineltis geta verið hræðilegar. Stöðugar árásir og niðurlægning hafa það í för með sér að aðrir fara að líta á þolandann sem ómerkilegan einstakling sem nánast biður um að vera lagður í einelti (Olweus, 2003:11).

Talið er að einelti valdi sömu tilfinningu og hjá þeim sem verða fyrir sífjaspelli og pyntingum. Ekki er óalgengt að börn sem verða fyrir slíku ofbeldi kenni sér um það og hugsi „að það sé svo vitlaust að það sé ekki skrítið að það sé lagt í einelti“. Sjálfsmýndin mótast af því hvernig einstaklingur telur að aðrir sjái sig og því eru æskuárin mjög mikilvæg. Einelti getur því haft áhrif á sjálfsmýnd og persónuleika einstaklingsins sem fyrir því verður.

Þegar barn fer að nálgast unglingsárin verður jafningjahópurinn mun mikilvægari og er hann mikilvægasti félagsmótunaraðilinn, þeir sem verða fyrir höfnun af hópnum geta því lent í miklum sálarháská (Svava Jónsdóttir, 2003:18).

Þeir sem hafa þurft að þola langvarandi einelti í æsku bíða þess aldrei bætur. Fórnamambið á oft erfitt með að segja frá því sem gerst hefur fyrir það, líður því oft eins og að það sé að endurupplifa skömmuna og niðurlægninguna sem því fylgir. Oft koma upp hugleiðingar um sjálfsvíg og er það þekkt að þolendur eineltis hafa svipt sig lífi (Svava Jónsdóttir, 2003:18).

Einelti veldur einkennum um þunglyndi og kvíða. Einnig hefur komið í ljós að þeir einstaklingar sem hafa orðið fyrir einelti tilkynna oftar en aðrir um heilsufarsleg vandamál. Helst kvarta þeir undan almennum veikindum, líkamlegum kvillum, kvíða, þunglyndi og eru í sjálfsmorðshugleiðingum (Sharp og Smith, 2000:12)

Einelti hefur einnig neikvæðar afleiðingar fyrir gerandann og sýnir það sig þegar fram líða stundir vegna þess að hegðun þeirra hefur áhrif á skólagöngu, atvinnu og samskipti við fjölskyldu og vini. Þegar þessir einstaklingar verða eldri temja þeir sér oft andfélagslega hegðun og eru líklegri til að fremja glæpi, ef þeir fá ekki aðstoð til að breyta hegðun sinni geta þeir áreitt maka sinn og börn. Þannig leggja þessir einstaklingar grunninn að nýjum einstaklingum sem leggja í einelti (Svava Jónsdóttir, 2003:19)

2.6 Umfjöllun um einelti í Aðalnámskrá leikskóla

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) er hvergi talað um hvernig eigi að taka beint á eineltismálum enda er ekki jafn þekkt að þau komi upp í leikskólum eins og í grunnskólum. Margir þættir koma þó inn á það svið þó ekki sé talað beint um að þeir séu fyrirbyggjandi. Má þar helst nefna kaflana sem fjalla um lífsleikni, leikinn og svo barnahópin sem heild.

Í leiknum eiga börnin að læra að vinna saman og taka tillit til hvers annars. Í gegnum hann lærir barnið samskiptareglur og að virða rétt annarra, virkar hann þannig sem forvörn að vissu leyti. Leikurinn mótast af þroska hvers barns, bakgrunni og uppeldisumhverfi (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:11). Í hópi jafnaldra geta börnin fengið tækifæri til að láta til sín taka, leika sér og gleðjast með öðrum. Þau herma hvert eftir öðru, hjálpast að og með því skapast vinátta. Í samskiptum þeirra eykst félagslegur þroski og með auknum félagslegum þroska minnka líkur á einelti. Með því að vera í barnahópi öðlast barnið margþætta félagslega reynslu. Barnið þarf að finna að það hafi hlutverk innan hópsins og tilheyri honum. Barn á að fá margvísleg tækifæri til þess að njóta samverustunda og gleðjast með öðrum (Aðalnámskrá leikskóla, 1999: 14).

Í gegnum lífsleiknina lærir barnið að fara eftir reglum. Leikskólinn setur reglurnar sem gilda og útskýrir tilgang þeirra fyrir barnahópnum. Eðlilegt er að eldri börn hjálpi til við að setja eitthvað af reglum og ræði þær innan barnahópsins. Er það vísir að lýðræðislegum vinnubrögðum sem börn þurfa smá saman að temja sér. Styðja þarf börn í því að virða reglurnar og gefa þeim kost til að leysa úr eigin málum og deilum á friðsamlegan hátt. Í leikskólanum þurfa allir að virða rétt annarra (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:16).

3 Hlutverk leikskólans

Í lögum um leikskóla kemur fram að velferð og hagur barna skuli hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skuli að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti,

lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar (Lög nr 90. um leikskóla 12. júní 2008).

Þegar unnið er með heilan barnahóp sem samanstendur af ólíkum einstaklingum er vitað mál að það verða árekstrar. Þess vegna er mikilvægt að skapa jákvætt andrúmsloft. Ef að börn læra samkennd minnka líkur á einelti, þá eru minni líkur á því að börn leggi í einelti eða standi hjá án þess að gera neitt ef að félagi þeirra verður fyrir einelti. Barnahópur í leikskóla er mjög mikið saman, hópurinn leikur saman, borðar saman og það er oft skipulagið sem segir til um hvaða börn eru saman í hópum eða á sama borði í matartíma. Börn eiga sér þó vini sem að þau sækja mest í, það kemur fyrir að börn á leikskóla eigi sér ekki vin og eiga þau oft erfitt með að fara inn í leik eða skilja leikmerki annarra barna. Þessi börn eru þá ekki félagslega sterk og í meiri áhættu að verða þolendur eineltis.

Það er hagur og velferð allra barna að læra um og skilja hvað einelti sé, það minnkar hugsanlega líkurnar á því að einelti eigi sér stað innan leikskólans. Flestir leikskólar vinna eftir einni eða fleiri uppeldisstefnum sem þeir hafa þróað í samræmi við það starf sem unnið er á leikskólanum. Nauðsynlegt er að hafa í huga hvort stefnan sé uppbyggileg hvað vinuáttu barnanna varðar og hvort hún dragi úr einelti. Stefnur grunnskóla eru hugsaðar út frá því að draga úr einelti og gera börnin meðvituð um það, þetta er eitthvað sem ætti að gera meira af í leikskólanum því samkvæmt þeim rannsóknum sem verða skoðaðar hér á eftir leynist einelti einnig þar.

Skólanámskrár leikskóla eru byggðar á Aðalnámskrá leikskóla. Þau náms svið sem leikskólanum er skylt að hafa með í starfi sínu eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi og menning og samfélag. Í skilgreiningum á þessum námsviðum er komið óbeint inn á það hvernig hægt er að nýta þau sem forvarnir gegn einelti (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:39). Í Aðalnámskrá leikskóla kemur hugtakið einelti hvergi fram. Þess vegna þurfa leikskólakennarar sjálfir að túlka námsviðin til þess að hægt sé að nota þau sem forvörn gegn einelti. Leikskólinn þarf að stuðla að góðu foreldrasamstarfi þar sem skólinn veitir foreldrum allar þær upplýsingar sem þeir þurfa og foreldrar þurfa að gera það sama. Leikskólinn þarf einnig að endurmeta starfsemi sína og bæta þar sem þarf að bæta á faglegum grundvelli, þetta gerir það að verkum að alltaf er verið auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara.

4 Eineltisáætlanir í grunnskólum

Í Aðalnámskrá grunnskóla (1999) kemur fram að ætlast sé til að allir grunnskólar taki fram í skólanámskrá hvernig eigi vinna gegn ofbeldi, þar með talið einelti. Í áætlun þarf að koma fram hvernig bregðast eigi við ef upp kemst um einelti í skólanum og að öllum aðilum þurfi að vera ljóst hver vinnur með slík mál innan skólans og hvernig. Einnig kemur fram að umræða um einelti þurfi að ná til stafsólks skóla, foreldra og nemenda, þar sem þeir geta bæði verið þolendur og gerendur þegar einelti er annars vegar. Því er mikilvægt að settar séu reglur um hegðun jafnt í skólanum sem utan hans (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999).

Hver grunnskóli velur sér áætlun til að fara eftir út frá ofangreindum tilmælum úr aðalnámskrá grunnskólanna. Þessar áætlanir ættu leikskólar einnig að kynna sér til þess að vita hvaða leiðir eru í boði til að fræða börn um einelti. Leikskólakennarar ættu að kynna sér vel hvað einelti er og hvernig það lýsir sér því svo virðist sem einelti sé til staðar í leikskólum. Þess vegna þurfa starfsmenn/forsvarsmenn leikskóla að koma sér upp áætlun um hvernig bregðast eigi við einelti og enn frekar hvernig eigi að koma í veg fyrir það. Hér á eftir er umfjöllun um þrjár helstu eineltisáætlanir í grunnskólum á Íslandi, Olweusaráætlunin, Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun og Stig af stigi. Það síðastnefnda er einnig notað með elstum börnum í sumum leikskólum. Ofangreindar áætlanir eru þær algengustu og eru notaðar í fjölmörgum löndum.

4.1 Olweusaráætlunin

Árið 2002 var Olweusaráætlunin gegn einelti á Íslandi formlega sett í gang og tóku 43 skólar þátt í áætluninni. Árið 2003 bættust síðan tveir skólar í hópinn og var þá fjórðungur allra skóla á landinu með í einni viðamestu símenntunaráætlun í grunnskólum hér á landi (Menntamálaráðuneytið, 2003). Olweusaráætlunin byggist á nokkrum lykilreglum og með þeim er reynt að skapa umhverfi sem byggir á eftirtöldum atriðum:

- Hlýlegum, jákvæðum áhuga og alúð hinnar fullorðnu
- Ákveðnum römmum vegna óviðunandi atferlis
- Stefnufastri beitingu neikvæðra afleiðinga (refsingar) sem eru ekki óvinveittar, brjóti nemandi gegn þeim reglum sem ákveðnar hafi verið

- Fullorðnir í skóla (og á heimili) virka sem yfirboðarar við vissar aðstæður

(Þorlákur H. Helgason, 2009)

Þessar reglur eru samofnar í ýmsar aðgerðir í skólum og á heimilum. Þessar meginreglur eiga að minnka líkurnar á einelti á þann veg að það dragi úr eineltisatferli og umbun til þess. Skóli sem innleiðir Olweusaráætlunina verður að gera ráð fyrir að hún verði í notkun í að minnsta kosti tvö skólaár. Allir starfsmenn þurfa að taka þátt og hittast reglulega í umræðuhópum, með því tileinka þeir sér aðferðina og námsefnið. Einnig er gerð könnun um einelti innan skólans tvisvar sinnum yfir þau tvö ár sem áætlunin nær yfir. Innan hvers skóla eru myndaðir fimm megin starfshópar þar sem hver hópur hefur sitt hlutverk.

- Stýrihópar - en þeir bera ábyrgð á framkvæmd Olweusaráætlunarinnar í sínum skóla
- Oddviti - er umsjónarmaður verkefnisins í skólanum
- Umræðuhópar - eru náms- og handleiðsluhópar fyrir hvern skóla
- Hópstjórar - eru kennarar og aðrir starfsmenn skólans sem stýra umræðuhópum
- Verkefnisstjóri - er faglegur leiðbeinandi og hefur faglega umsjón með verkefninu í allt að þremur skólum.

Kennarar og annað starfsfólk gegnir því lykilhlutverki hvað varðar skilvirka og árangursríka framkvæmd áætlunarinnar. Nemendur gera ýmislegt í bekkjum sínum. Haldnir eru bekkjafundir þar sem rætt er um einelti, félagstengsl og líðan í bekknum, þeim eru svo kynntar bekkjarreglur sem samdar eru sérstaklega til þess að koma í veg fyrir einelti. Nemendum eru kenndar einfaldar leiðir til að bregðast við einelti sem þau verða vör við. Lögð er áhersla á að efla færni þeirra til að velja rétta afstöðu og hjálpa þeim sem verða fyrir einelti. Foreldrar koma einnig að þessari áætlun en á foreldarafundum er unnið eineltis fyrirbyggjandi starf. Þegar tekið er á eineltismálum vinna skóli og heimili saman að lausn mála (Þorlákur H. Helgason, 2009).

4.2 Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun

Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun eða PBS (e. positive behavioral support) er önnur aðferð sem er notuð sem forvörn gegn einelti, er þessi aðferð notuð

í sumum skólum á Íslandi, til dæmis í Fellaskóla og Lauganesskóla. Samkvæmt aðferðinni er að tvennu að hyggja ef tryggja á góða menntun, það er árangur í námi og agi. Ef nemendur finna ekki til öryggis, bera ekki virðingu fyrir öðrum og axla ekki ábyrgðar í skólastarfi hindrar það árangur annarra. Því þarf starfsfólk skólans og einbeita sér að settum markmiðum svo árangur verði sem skyldi. Foreldrar þurfa að fá stuðning og hvatningu til að vinna með skólanum svo þeim finnst þeir ekki vera utanveltu því þá er hætta á að börnum þeirra gangi ekki eins vel í skólanum og ella.

Heildstæður stuðningur er stjórnunartæki sem hefur reynst vel á nemendur á almennum svæðum skólans, þá sem eru í áhættu að eiga í hegðunvandamálum og þeirra nemenda sem þurfa einstaklingsmiðuð úræði vegna hegðunarferfiðleika. Heildstæður stuðningur er staðlað kerfi til að þjálfa starfsfólk með því að miða að því að auka aga í skólum og kennslustofum einnig draga úr ofbeldi, neyslu áfengis, tóbaks, og annarra vímuefna. Markmið þessarar aðferðar er að bæta námsárangur og heilbrigða félagsmótun barna og unglunga í öruggu umhverfi sem stuðlar að námi (Sprague og Golly, 2008:3-4).

4.3 Stig af stigi

Stig af stigi (e. Second step) er aðferð sem búin var til með það í huga að auka félagsfærni og draga úr félagslegum og tilfinningalegum vandamálum með því að kenna börnum færni á megin sviðum samúðar, tilfinningarstjórnun (stjórn á hvötum, tilfinningum, reiði), og að leysa úr félagslegum vandamálum. Stig af stigi byggir á alhliða forvarnarstarfi og er öllum börnum kennt að takast á við tilfinningar sínar ekki aðeins þeim börnum sem teljast vera í áhættu (Committee for children, 2002). Stig af stigi er hönnuð af Kathy Beland fyrir Committee for Children í Seattle í Bandaríkjunum, en frumkvöðull í notkun þessarar aðferðar á Íslandi er Kristján M. Magnússon sálfræðingur (Reynir ráðgjafastofa, á.á.).

Stig af stigi er skipt í þrjú stig, fyrsta stigið er fyrir leikskólabörn frá fjögurra til sex ára, stig tvö er fyrir börn frá sjö til átta ára og þriðja stigið er fyrir börn á aldrinum níu til tíu ára. Stig af stigi leggur áherslu á þrjú þætti samúðar en þeir þættir eru að bera kennsl á tilfinningar hjá sjálfum sér og öðrum, öðlast yfirsýn og hvernig eigi að bregðast tilfinningalega við öðrum. Til þess að bregðast við rannsóknum sem sýna fram á mikilvægi tilfinningalegrar þekkingar fyrir þroska ungra barna leggur fyrsta stigið mikla áherslu á þessa þrjú þætti samúðar. Með því að nota ljósmyndir æfa börnin sig í því að bera kennsl á sjö algengar tilfinningar, ljósmyndirnar hjálpa

börnunum að sjá hvernig tilfinningarnar lýsa sér þegar þær eru án orða, með orðum og í ýmsum aðstæðum. Tilfinningarnar sem eru notaðar eru glaður, leiður, reiður, hissa, hræddur, andstyggð og áhyggjufullur (Committee for children, 2002)

Stig af stigi kennir börnum að læra að þekkja tilfinningar sínar, bæði jákvæðar og neikvæðar, með því að nota innri líkamleg óþægindi svo sem að verða heitt og spennt við reiði. Í stað þess að einbeita sér að tilfinningalegum óþægindum er börnum kennt að færa athygli yfir að stjórna tilfinningum sínum með því að segja róaðu þig, með því að gera eitthvað róandi eða með slökunartækni eins og að anda djúpt (Committee for children, 2002)

Á fyrsta stiginu í Stig af stigi er stuðst við hjálpargögn, en það eru tvær brúður hundur og snigill, þetta skref virkar oft eins og leikur en það einmitt hann sem að undirbýr börnin félagslega fyrir komandi skólagöngu og hjálpar börnunum að afreka meira og láta sér lynda við aðra (Committee for children, 2002). Stig af stigi er mjög gott dæmi um nánara samstarf á milli leik- og grunnskóla. Það er mikilvægt að byrja sem fyrst að kynna fyrir börnum einelti og kenna þeim að takast á við tilfinningar sínar til þess að reyna að koma í veg fyrir einelti bæði á leikskólum og þegar börn eru komin í grunnskóla.

Hér hefur verið sagt frá þremur algengustu eineltisáætlunum sem notaðar eru í grunnskólum. Það er hugsanlega hægt að nota þær sem forvörn gegn einelti á leikskólum, það á sérstaklega við um Stig af stigi og eins og fram hefur komið sú aðferð búin til með elstu leikskólabörnin í huga ásamt því að vera fyrir grunnskólabörn. Hinar tvær áætlanirnar væri hugsanlega hægt að aðlaga að leikskólanum. Höfundar hafa valið að styðjast við Stig af stigi, sem verður betur fjallað um í kafla 10 þegar farið verður í hvernig hægt sé að vinna með bækurnar.

5 Rannsóknir á einelti í leikskólum

Það hafa ekki verið gerðar margar rannsóknir á einelti í leikskólum það á bæði við á Íslandi og erlendis. Flestar rannsóknir á einelti hafa verið gerðar í grunnskólum og á vinnustöðum, en þó hafa verið framkvæmdar rannsóknir á einelti innan leikskóla í Noregi og Sviss. Í köflunum sem fara hér á eftir verður grein fyrir tveimur rannsóknum og niðurstöðum þeirra. Þessar rannsóknir skipta máli í umfjölluninni um einelti á leikskólum. Fyrri rannsóknin er sú fyrsta sem þekkt er um einelti á leikskólum og sýnir að fyrir 19 árum var áhugi fyrir því að skoða þetta

fyrirbæri. Seinni rannsóknin er gerð fimm árum seinna og var hún byggð á svörum leikskólakennara og vakti þar athygli á vanþekkingu þeirra á einelti. Þessar rannsóknir virðast þó ekki hafa fengið fræðimenn til að sýna frekari áhuga á einelti á leikskólum þar sem mjög fáar rannsóknir um efnið hafa verið gerðar og ekki hefur tekist að finna nema eina rannsókn á Íslandi ¹

5.1 Rannsókn með leikskólabörnum í Bergen

Françoise D. Alsaker, prófessor í sálfræði við háskólann í Bern, framkvæmdi fyrstu norsku rannsóknina á einelti í leikskólum í Bergen í Noregi árið 1991. Í rannsókninni tóku 120 börn þátt, 65 stúlkur og 55 drengir. Börnin sem tóku þátt í rannsókninni voru á fjórtán deildum á tíu leikskólum og voru á aldursbilinu fimm og hálfis árs til sjö og hálfis árs þegar rannsóknin fór fram (Alsaker, 1997:30).

Notaðar voru ljósmyndir af öllum börnunum í viðkomandi barnahóp sem grundvöll fyrir viðtölum við börnin um hvað hver gerði við hvern. Börnin voru beðin um að segja frá neikvæðum og jákvæðum gjörðum. Rannsakendur höfðu mestan áhuga að fá svör við því hvort eitthvert barnanna áreitti aðra, væri vont við önnur börn með því að lemja, sparka, hrinda, klóra o.s.frv. Börnin voru beðin um að benda á myndirnar og segja hver sýndi þessa hegðun og við hvern. Börnin voru einnig spurð spurninga sem gáfu rannsakendum vísbendingar um hvort munnlegt einelti ætti sér stað (Alsaker, 1997:30).

Rannsakendur spurðu börnin um eigin hegðun og hvort þau sjálf gerðu svona og við hvern. Spurt var um sjálfsmynd barnanna og hvernig þeim liði í leikskólanum. Leikskólakennarar og leiðbeinendur voru beðnir um að fylla út spurningalista um hvert og eitt barn ásamt því sem foreldrar voru beðnir um upplýsingar um líðan barnsins heima og heimilisaðstæður. Börnin áttu í erfiðleikum með að svara spurningum um munnlegt og óbeint einelti og því voru aðeins notuð svör barnanna um líkamlegt einelti.

Þannig fékkst sú niðurstaða að 10% barna væru mögulegir þolendur og 16,8% mögulegir gerendur eineltis. Eins og fram hefur komið ákváðu rannsakendur að nota ekki svör barnanna um munnlegt og óbeint ofbeldi og töldu þeir að það hafi valdið miklu ójafnvægi í niðurstöðum þeirra hvað varðar kynjaskiptingu. Á meðal

¹ Alda Ómarsdóttir og Erla Gréta Skúladóttir. (2007) *Opnum augun fyrir einelti á leikskólum: athugun á einelti á leikskóla*. Óútgefin B.Ed. ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík. Ákveðið var að ekki fjalla um þessa athugun hér, þar sem þetta er lokaverkefni til B.Ed.-prófs og svaraði ekki kröfum um ritrýnt efni.

mögulegra gerenda var engin stúlka á meðan það voru aðeins tveir drengir á meðal mögulegra þolenda (Alsaker, 1997:30-34).

5.2 Rannsókn með leikskólakennurum í Bern

Prófessor Alsaker gerði aðra rannsókn fimm árum síðar árið 1996 í Bern í Sviss. Þar tók hann viðtöl við tuttugu leikskólakennara. Þeir störfuðu með samtals 352 börnum á aldrinum fimm til sjö ára. Í viðtölunum voru opin viðtalsblöð notuð þar sem að spurningalistanum var skipt í sex hluta með mismunandi þemu. Þar á meðal um leikskólann og uppeldislega sýn leikskólakennarans, um árásagirni, einelti og viðhorf til þess. Að lokum var spurt um hugleiðingar leikskólakennaranna um forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að árásagjörn hegðun var til staðar hjá börnunum. Það voru aðeins tveir leikskólakennarar sem að sögðu að ekki væri nein árásagirni hjá hópunum þeirra. Í fjórtán hópum töldu leikskólakennararnir að líkamleg árásagirni væri algengasta hegðunin. Þar kom fram að börn slógust, bitu, spörkuðu, rifu í hár, klóruðu, klipu og tóku stundum hálstak hvert á öðru. Hjá sjö barnahópum töldu leikskólakennararnir að munnlegt ofbeldi væri algengast. Þegar leikskólakennararnir voru búnir að svara spurningunum um almenna árásagirni var hugtakið einelti skilgreint og þeir spurðir um þá hegðun í hópunum hjá þeim. Átján kennarar af tuttugu sögðu að þeir hefðu séð slíka hegðun. Aðeins einn leikskólakennari sagðist ekki hafa tekið eftir einelti í sínum barnahóp og taldi að einelti væri alls ekki til staðar í þeim hóp.

Í rannsókninni kom fram að margir kennarar virtust bíða með að grípa inn í aðstæður þar sem einelti á sér stað og gera það oft ekki fyrr en að aðstæðurnar eru orðnar mjög erfiðar og vanlíðan hjá barninu kemur fram. Það var mikill munur á hvort kennarar tækju eftir togstreitu, hversu vel þeir fylgdust með samskiptum barnanna og hvort þeir tóku á erfiðum aðstæðum. Margir leikskólakennaranna töldu sig hafa litla sem enga þekkingu á einelti og árásahneigð barna, og hefðu ekki fengið kennslu um einelti í sínu námi og það væri ástæðan fyrir því að þeim þótti erfitt að taka á því (Alsaker, 1997:30-38).

Af niðurstöðum þessa tveggja rannsókna má sjá að einelti er til staðar í leikskólum. Einnig kemur fram að leikskólakennarar bera við vanþekkingu á einelti og eru ekki vissir um hvernig og hvenær eigi að taka á þessum málum. Í fyrri rannsókninni er notast við svör frá börnunum sjálfum sem og foreldrum og

leikskólakennurum til þess að reyna að finna út hvort að einelti sé til staðar í þessum tíu leikskólum. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu að 10% barnanna væru mögulegir þolendur eineltis sem er há prósentu tala í ljósi þess hversu alvarlegt einelti er.

6 Hlutverk leikskólakennarans

Í rannsókn prófessor Alsaker með leikskólakennurum í Bern 1996 voru leikskólakennararnir spurðir að því hvað væri gert þegar einelti uppgötvast í leikskólanum. Svörin voru mismunandi og sýndu mikið óöryggi hjá leikskólakennurunum. Flestum fannst að nóg væri að tala við börnin til þess að komast að ástæðunni fyrir eineltinu. Af svörum leikskólakennaranna má sjá að margir töldu að ekki væri í raun um einelti að ræða heldur venjulega togstreitu á milli barnanna sem verður í öllum barnahópum t.d. rifrildi vegna leikfanga. Telur Alsaker að þetta sé vegna óvissu kennaranna um hvað eigi að gera og bendir á að margir kennarar bíði of lengi áður en þeir grípa inn í. Þeir bíða þangað til að þeir sjá að einhverjum líði mjög illa, þangað til að einhver kemur og nær í kennarann vegna þess að eineltið er orðið hættulegt. Alsaker spurði leikskólakennarana um þekkingu þeirra á einelti, kennararnir svöruðu því til að þeir hefðu aldrei heyrt um einelti hjá leikskólabörnum á sínum námsferli og þess vegna ekki lært hvernig ætti að bregðast við (Alsaker, 1997:37).

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) kemur fram að hlutverk leikskólakennara er að ætla sér tíma til uppeldislegra athugana og skráningar á atferli barns, bæði þegar það er eitt og í samspili við barnahóp (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:14). Athuganir og skráningar eru mikilvægar til þess að sjá hvernig barni líður og hvernig það passar inn í barnahópinn.

Með því að vinna samkvæmt markvissri stefnu gegn einelti er hægt að ná góðum árangri. Það sem kennari getur gert er að byggja kennslu sína upp á jákvæðan hátt. Í stað þess að kennari eða annað starfsfólk beiti viðurlögum sem gætu virkað niðurlægjandi eða þvingandi eigi þeir að nota skýrar og ákveðnar leiðir þar sem vandinn er greindur og börnin eru með í ráðum til að takast á við hann. Einnig verður kennarinn að vera börnunum góð fyrirmynd í jákvæðum samskiptum þar sem gagnkvæm virðing ríkir og deilur eru leystar á uppbyggilegan hátt. Í gegnum kennsluna er reynt að skapa samfélag þar sem allir einstaklingar, börn jafnt sem

fullorðnir, eru metnir á eigin forsendum. Börn læra að vinna í samvinnu og geta treyst hvert á annað. Börn eru hvött til að vera vakandi fyrir umhverfi sínu með því að gera grein fyrir þörfum sínum, geta sett sig í spor annarra og geta hlustað eftir þörfum þeirra. Þau læra að tjá tilfinningar sínar á uppbyggilegan hátt án þess að sýna ögrandi eða ógnandi hegðun (Sharp og Smith 2000:26). Þetta er leið sem er búin til fyrir grunnskóla en er hægt að nota inn á leikskólanum þar sem börnin eru alltaf tilbúin að takast á við málefni ef fyrirmynd þeirra sýnir að það sé hægt.

Í bókinni *Lífsleikni* (2004) eftir Erlu Kristjánsdóttur, Jóhann Inga Gunnarsson og Sæmund Hafsteinsson kemur fram að hæfileikar okkar eru margvíslegir og þroski misjafn á ýmsum sviðum. Það er því eitt af mikilvægustu verkefnum fullorðinna að sjá til þess að börn fái tækifæri til að uppgötva hæfileika sína, nýta þá og þroska. Börn hafa þess vegna þörf fyrir örvun og hvatningu, það þarf að tryggja þeim aðstöðu, tækifæri og uppbyggileg viðfangsefni svo þau fái notið sín. Þrátt fyrir að það sé séð fyrir þessu öllu verða alltaf einhverjir einstaklingar undir eða útundan. Oft liggur vandinn í samskiptum eða mannlegum tengslum en skuldinni er oft skellt á áhugaleysi, feimni eða óöryggi. Það er í höndum fullorðinna að hjálpa þeim börnum sem verða undir eða útundan að bæta sjálfstraust sitt. Sjálfstraust er mjög mikilvægt vegna þess að þungamiðja sjálfstrausts eru sjálfsímynd, sjálfsmat og sjálfsvirðing. Að hafa gott sjálfstraust er grundvöllur þess að komast hjá því að taka þátt í einelti sem gerandi, þolandi eða meðhlaupari. (Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson & Sæmundur Hafsteinsson, 2004:43). Lífsleikni er námsvið í grunnskóla eins og í leikskóla, bókinni *Lífsleikni* (2004) eftir Erlu Kristjánsdóttur o.fl. er gerð fyrir kennslu í lífsleikni í grunnskóla þar eru taldir upp kosti lífsleikni fyrir ólíka aldurshópa þar á meðal leikskólabörn. Þess vegna væri hægt að notast við námsefni úr grunnskólanum með smá aðlögun að leikskólanum til þess að vinna gegn einelti þar.

6.1 Efla félagsfærni

Eitt af því sem að leikskólakennari getur gert til þess að minnka líkur á einelti er að efla félagsfærni barna. Inni á leikskólum tengjast flest öll námssvið félagsfærni barnanna. Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) segir að sérhvert barn þurfi að vinna að viðfangsefni tengt sinni getu. Þess þarf að gæta að barnið einangrist ekki, það aðlagist vel barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegra tengsla. Því er mikilvægt er

að styrkja sjálfsmýnd barna. Í Aðalnámskrá leikskóla er fjallað um hvernig hægt sé að efla félagsþroska og félagsfærni barna og eru eftirtalin dæmi gefin:

- Leikskólakennarar eiga að stuðla að traustum og hlýjum samskiptum milli barna.
- Örva samskipti barna við fólk á mismunandi aldri.
- Beina börnum að hópstarfi og styðja við það þegar þörf krefur.
- Hjálpa börnum að leysa deilur á farsælan hátt.
- Hvetja barn til að sýna öðrum virðingu og umburðarlyndi.
- Hvetja barn til að virða skoðanir annarra.
- Stuðla að því að barn temji sér góða umgengi.
- Stuðla að því að barn fái notið sín, óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, kynferði, uppruna, menningu eða trú.
- Efla jafnréttisvitund barna
- Efla skilning barna á gildi vináttu

(Aðalnámskrá, 1999:9-10).

Til þess að efla félagsfærni þarf að styrkja barnið í því sem að það hefur hæfileika til. Ef barni líður vel og hefur gott sjálfstraust eykst færni þess í samskiptum við aðra. Erla Kristjánsdóttir o.fl. halda því fram í bókinni *Lífsleikni* (2004) að þessu sé hægt að ná fram með því að styðjast við fjölgreindarkenningu Howards Gardner sem sett var fram árið 1983. Gardner telur að hæfileikar mannsins séu margvíslegir. Maðurinn hafi margar aðskiljanlegar greindir sem vinni saman á flókinn hátt. Í fyrstu taldi hann að greindirnar væru sjö en hann hefur síðan bætt við þeirri áttundu og lagt grunninn að þeirri níundu þó hún sé ekki enn hluti af kenningu hans. Greindirnar eru mál-, rök- og stærðfræði-, rýmis-, líkams- og hreyfi-, tónlistar-, samskipta-, sjálfsþekkingar- og umhverfisgreind. Með því að þekkja hvar sterkustu greindir barna liggja er hægt að hjálpa þeim að tjá tilfinningar sínar á mismunandi hátt eftir því sem hentar þeim. Ef að barn er t.d. með sterka rýmisgreind er það líklegra til að tjá sig betur í gegnum teikningar en munnlega. Einnig fær það barn meiri upplýsingar úr myndum en orðum við lestur. Þetta er gott fyrir leikskólakennara að vita til þess að geta ýtt undir félagsfærni barnsins (Erla Kristjánsdóttir o.fl. 2004:17-28).

7 Foreldrar

Samkvæmt Sharp og Smith (2000) ættu foreldrar að vera meðvitaðir um markmið og leiðir skólans í eineltismálum. Þá eru meiri líkur eru á því að þeir bregðist við í samræmi við stefnu skólans, hvetja til samvinnu og samkenndar á heimilinu og geta bent börnum sínum á jákvæðar leiðir til að leysa úr deilumálum. Ef grunur leikur á að barn verið fyrir einelti eða leggi aðra í einelti verður að hafa samband við skólann strax og vinna í samvinnu við sameiginlega aðila þar (Sharp og Smith, 2000:28).

Sá kostur er við leikskólann að leikskólakennari hittir foreldra barna á hverjum degi. Samskipti á milli foreldra og leikskólakennara eru því meiri en í grunnskólanum og því hafa foreldrar betri innsýn inn í starf leikskólans en grunnskólans. Með þessu nána samstafi er hægt að hjálpast að við að hefja fræðslu gegn einelti. Í Aðalnámsskrá leikskóla (1999) segir að foreldrar þurfi að fylgjast með því helsta sem gerist í leikskólanum og leikskólakennari þurfi að vita hvað hefur drifið á daga barnsins utan leikskólans. Mikilvægt er að foreldrar láti leikskólakennara barnsins vita ef breytingar eru á högum þess og fjölskyldulífi. Börn eru næm á allar breytingar og geta þær haft áhrif á líðan þeirra og hegðun.

Fram kemur í bók Svövu Jónsdóttur *Hið þögla stríð, einelti á Íslandi* (2003) að þegar barn verður fyrir einelti þurfa foreldrar að trúá barni sínu og standa með því. Hlutverk þeirra er að hjálpa barninu til að auka sjálfstraust sitt. Foreldrum getur oft liðið illa og fundist þeir hjálparvana þegar kemur að þessu máli, verða reiðir og vilja kannski ná fram hefnd. Það er oft erfitt fyrir foreldri að átta sig á því hvernig barninu líður og finnst það vera hjálparvana en það sem er nauðsynlegt í svona málum er að barnið finni fyrir öryggi og að foreldri þess hafi stjórn á aðstæðum. Einnig er mikilvægt að gera ráð fyrir tilfinningarlegum viðbrögðum frá barninu hvort sem það er reiði eða skömm. Nauðsynlegt er að foreldrar taki á málinu því það er líklegar að barninu líði verri en það sýnir og ekki má vanmeta óttann sem það finnur fyrir. Því þarf að gefa sér nægan tíma til þess að ræða við barnið í ró og næði. Foreldrar þurfa að fá eins sannar upplýsingar frá barninu eins og hægt er án þess að það þurfi að halda langa yfirheyrslu. Foreldrar þurfa að láta í ljós að þeir séu ánægðir með að barnið hafi látið vita af þeim erfiðleikum sem það er að ganga í gegnum. Ef barnið er gerandinn er nauðsynlegt að fylgja svipuðu ferli og þegar um þolanda er að ræða (Svava Jónsdóttir, 2003:173-176).

8 Barnahópurinn

Þegar stefna skólans gegn einelti er markviss ættu að koma í ljós breytingar á viðhorfi og atferli nemenda. Fleiri nemendur eiga eftir að láta vita ef þeir eru lagðir í einelti eða vita af einelti. Umburðalyndi og samvinna eykst meðal nemenda. Þetta þýðir ekki að í einum bekk verði allt í einu allir nánir vinir heldur að einstaklingar eða hópar innan bekkjarins eigi síður eftir að beita aðra valdi eða hótunum til að komast í metorð í bekknum. Nemendur öðlast viðurkenningu innan hópsins með því að sýna jákvæða hegðun og taka afstöðu gegn einelti. Einelti þrífst illa þar sem tekist hefur að koma af stað jákvæðu, uppbyggjandi andrúmslofti, þar sem samvinna og samkennd er ríkjandi meðal nemenda. Tilraunir til að leggja aðra í einelti líklegri til að misheppnast þar sem þær fá ekki hljómgrunn frá hópnum og gerandinn finnur fyrir óþægindum þar sem hann er að brjóta upp viðurkennt hegðunarmynstur. Einnig er líklegt að fórnalambið geti varið sig við neikvæðu áreiti gerandans og leiti sér frekari aðstoðar hjá öðrum í hópnum þar sem vitað er að þeir geti treyst á stuðning. Með þessu formi eru minni líkur á því að vítahringur eineltis náði að myndast og ef það gerist er gripið fljótt inni í (Sharp og Smith 2000:26-27)

Ef börn læra að finna samkennd með öðrum eru minni líkur á því að þau leggi önnur börn í einelti eða standi hjá og fylgist með án þess að grípa inn í. Þessu ætti að byrja á strax í leikskóla þar sem börnin eru í minni hópum, þau eru þá líklegri til að standa vörð um þá sem fyrir eineltinu verða og ná því að draga verulega úr því. Elstu börn í leikskóla hafa þann þroska til að hægt væri að kenna þeim samkennd og hvað einelti er. Samkennd er ekki óskyld samúð að því leyti að hún hlýtur að leiða hugann að þeim sem að minna mega sín og þarfnast hjálpar. Samkennd er lykilatriði í lausn ágreiningsmála og góðu samstarfi (Erla Kristjánsdóttir o.fl. 2004:95).

9 Bækurnar

Í bókunum *Lena Sól* (1983) eftir Sigríði Eyþórsdóttur og *Má ég vera memm?* (2003) eftir Hörpu Lúthersdóttur er fjallað um einelti, stríðni og hvernig aðalpersónurnar í bókunum takast á við það. Með réttum aðferðum nýtast þær vel sem vopn í baráttunni gegn einelti og telja höfundar að þær aðferðir sem urðu fyrir valinu (markvissar umræður, leikræn- og myndræn tjáning, ásamt því að vinna með

pemað einelti og stríðni) stuðli að því að gera leikskólabörn meðvituð um skaðleg og neikvæð áhrif eineltis.

Bæði *Lena Sól* og *Má ég vera memm?* eru myndskreyttar bækur og eðlilegast væri að lesa þær upphátt fyrir barnahópin og sýna þeim myndirnar, enda geta flest leikskólabörn ekki lesið sjálf. Myndirnar geta einnig hjálpað börnunum að skilja boðskap bókanna betur en ella. Sögurnar tengjast veruleika leikskólabarnanna og fjalla um breytingar sem eru yfirvofandi hjá þeim sjálfum, en báðar aðalpersónurnar eru að byrja í grunnskóla. Það er mikilvægt fyrir leikskólabörn að geta tengst sögupersónunum. Í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur, *Þegar skólabjallan hringir þá eigum við að fara inn* (2003), á viðhorfum elstu barna í leikskóla á grunnskólanum kemur fram að mörg barnanna höfðu áhyggjur af eldri börnum og unglingum í skólanum sem gætu meitt og/eða strítt þeim (Jóhanna Einarsdóttir, 2003). Þetta sýnir að elstu börn í leikskóla þekkja til stríðni og hafa áhyggjur af því að verða strítt. Þess vegna er hægt að byrja á að fjalla um stríðni í umræðum og þróa þannig umfjöllunina að einelti. Hjá börnum sem enn eru í leikskóla er hægt að vinna forvarnir gegn einelti jafnvel á svipaðan hátt og gert er í grunnskólum. Góðar bækur geta hjálpað við þessa forvörn.

9.1 Lena Sól

Lena Sól (1983) er skrifuð af Sigríði Eypórsdóttur og myndskreytt af Önnu Cynthiu Leplar. Þar segir af sjö ára stúlku sem heitir Magðalena Sóley Pálsdóttir, öðru nafni Lena Sól. Sagan segir frá því þegar Lena sól og mamma hennar flytja til Reykjavíkur eftir skilnað foreldranna. Mæðgurnar þurfa að takast á við breytingar, Lena Sól byrjar í nýjum skóla og mamma í nýrri vinnu. Tímarammi bókarinnar er einn dagur og er frásögnin í þriðju persónu. Sagan segir frá einum degi sem er afdrifaríkur í lífi Lenu Sólar og mömmu hennar, þar sem þær þurfa að takast á við stríðni og illt umtal.

Í byrjun bókarinnar lýsir höfundur lífi Lenu Sólar áður en foreldrar hennar skilja, þar er lífið gott og Lena Sól nýtur lífsins í litla sjávarþorpinu með foreldrum sínum og öðrum ættingjum. Eftir skilnaðinn flytja mæðgurnar til Reykjavíkur, Lena Sól er spennt en einnig kvíðin fyrir flutningunum og að byrja í skólanum. Í skólanum stríða tveir strákar Lenu Sól vegna þess að hún er með öðruvísi tösku en allir hinir og á nafninu hennar en kennarinn hjálpar henni og hún eignast einn vin. Hún heyrir illt

umtal um mömmu sína og verður leið og strýkur að heiman. Í lokin kemur Lena Sól heim og sættist við mömmu sína, einn drengjanna kemur í heimsókn og biðst afsökunar á því að hafa strítt henni og segist vilja vera vinur hennar.

Það sem kemur fyrir Lenu Sól flokkast ekki sem einelti vegna þess að áreitið er ekki endurtekið áreiti sem nær yfir lengri tíma eins og kom fram í kafla tvö um skilgreiningu á einelti. Heldur er þetta stríðni, í stríðni eru einstaklingar jafn sterkir sem á við í þessu tilfalli. Lena Sól verður leið þegar strákarnir stríða henni en hún er ekki minnimáttar og áður en dagurinn er búinn þá verða hún og einn strákanna sem að stríddi henni vinir. Lena Sól sýnir ekki hlédrægni, varkárni og viðkvæmni sem eru dæmigerð einkenni þolanda eineltis. Sjálfstraust þeirra er takmarkað, þeir eru óöruggir og þolendur eineltis eiga fáa eða enga vini. Þeim finnst auðveldara að umgangast fullorðna en jafnaldra sína (Olweus, 2003:31). Þetta á alls ekki við Lenu Sól hún er jákvæð, það kemur fram í tilhlökkun hennar að byrja í skóla. Hún er að vísu hlédræg en það háir henni ekki í því að eignast vini. Bókin getur kennt börnum að slæmt umtal og stríðin leiðir ekki gott að sér en ef góðir standa að baki er hægt að takast á við vandamálið.

9.2 Má ég vera memm?

Höfundur bókarinnar *Má ég vera memm?* Harpa Lúthersdóttir skrifar hana sem forvörn gegn einelti vegna þess eineltis sem hún gekk sjálf í gegnum. Það skín vel í gegnum söguna hversu sárt það er að lenda í einelti. Ingi Jenson myndskreytti bókina. Bókin fjallar um Fjólu sem er að byrja í 1. bekk í grunnskóla. Hún er mjög spennt og vonast til þess að vera með vinkonum sínum í bekk. Sagan sýnir hvernig Fjólu líður þegar börnin í skólanum leggja hana í einelti. Tímarammi sögunnar er eitt skólaár og sagan er sögð í þriðju persónu. Eineltið byrjar sem stríðni en jafnvel þá stendur enginn með Fjólu, ekki einu sinni bestu vinkonur hennar. Sýnt er hvernig stríðnin breytist í einelti og hvernig Fjólu líður. Þegar ein stúlkan í bekknum stendur með henni sést hvernig líðan Fjólu breytist og hún fer að finna fyrir öryggi.

Á kápunni er mynd af Fjólu ásamt öðrum skólafélögum þar sem hún er skilin útundan. Myndirnar í bókinni sýna vel líðan hennar í upphafi skólagöngunnar og til enda skólaársins. Texti bókarinnar tengist myndunum vel. Myndirnar eru litríkar og tilgangur þeirra samkvæmt höfundi bókarinnar er að hjálpa til við að ná til barna, á aldrinum þriggja til níu ára, á sem auðveldastan og skiljanlegasta hátt í von um að

sagan eigi eftir að hjálpa einhverjum. Myndirnar hjálpa yngri börnum að tengja textann við veruleikann og þess vegna á þessi bók betur við yngstu börnin en *Lena Sól*.

Það sem kemur fyrir Fjólu er dæmigert fyrir einelti samkvæmt skilgreiningu Olweusar sem segir að einelti eigi sér stað þegar ein manneskja verður endurtekið og í lengri tíma fyrir neikvæðum verknaði s.s. líkamlegu og andlegu ofbeldi frá einum eða fleiri einstaklingum (Olweus, 1994:17). Eineltið í tilfalli Fjólu á sér stað yfir allt skólaárið. Olweus leggur áherslu á muninn á beinu og óbeinu einelti. Beint einelti skilgreinir hann sem beinar og nokkuð sýnilegar árásir á þolandann en óbeint einelti er þegar þolandinn er útilokaður eða einangraður frá hinum í hópnum (Pettersen, 1997:13). Hann bendir einnig á að orð, látbragð, einangrun og útilokun, sem er óbeint einelti, getur verið eins skaðlegt og særandi og líkamlegt ofbeldi eins og högg eða spörk, það sem er kallað beint einelti (Pettersen, 1997:16). Allt þetta kemur fyrir Fjólu, eineltið byrjar sem óbeint einelti þar sem hún verður fyrir útilokun og er kölluð illum og særandi hlutum. Eineltið þróast síðan út í beint ofbeldi t.d. þar sem Fjóla er tekin og kaffærð í snjó.

Eftir að Fjóla er lögð í einelti fer hún að sýna dæmigerð einkenni fyrir þolanda sem eru hlédrægir varkárir og viðkvæmir einstaklingar. Sjálfstraust þeirra er takmarkað og þeir eru óöruggir og sjálfsmýndin neikvæð. Fjóla hefur ekki neikvæða sjálfsmýnd áður en að hún er lögð í einelti en eineltið hefur neikvæð áhrif á sjálfsmýnd hennar og hún fer að trúá því sem að hin börnin segja um hana. Fjólu gengur illa í skóla sem er einnig dæmigert fyrir þolanda eineltis. Það kemur ekki fram hvort að það sé einn gerandi, í byrjun er talað um eina stelpu sem virðist vera forsprakkinn, en eftir það virðist það vera allur hópurinn sem leggur Fjólu í einelti, þeir eru þá skilgreindir sem meðhlauparar eineltis.

10 Unnið með bækurnar

Einelti er umfangsmikið viðfangsefni og viðbúið að leikskólabörn, jafnvel þau elstu, hafi ekki úthald til að vinna mikið með sama efni í langan tíma. Verkefni í tengslum við einelti á leikskólum verður að vera unnið með úthald og getu barnanna sjálfra í huga og heppilegt að ætla því nokkra mánuði t.d. frá áramótum og fram að vori, og þá einkum með það í huga að vinna mest með börnum sem koma til með að byrja í grunnskóla sama haust. Mikilvægt er að gera viðfangsefnið áhugavert til þess

að börnin sækist í það að vilji halda áfram. Til þess að gera það áhugavert þarf að vinna viðfangsefnið út frá hugmyndum þeirra en þó innan ramma sem leikskólakennarinn ákveður fyrirfram. Hér fyrir neðan munu höfundar koma með tillögur að því hvernig hægt er að vinna með einelti sem þema.

10.1 Þemað einelti og stríðni

Lagt er til að unnið verði með þemað tvisvar til þrisvar í viku í hópastarfi. Lesnar verða tvær bækur, byrjað verður að fjalla um bókina *Lena Sól* þar sem aðalpersónan verður fyrir stríðni eftir það verður fjallað um bókina *Má ég vera memm?* í henni verður aðalpersónan Fjóla fyrir einelti. Þannig er byrjað að kynna börnum fyrir stríðni og síðan þegar unnið er með seinni bókina gætu þau séð þróun yfir í einelti. Á meðan verið er að lesa bækurnar er hægt stoppa við ákveðnar aðstæður eins og í *Má ég vera memm?* þegar verið er að kaffæra Fjólu í snjó, þá væri hægt að spyrja börnin um hvað þeim finnst um þessar aðstæður og hvernig þau haldi að Fjólu líði?

Bækurnar verða ekki lesnar í heild sinni til að byrja með, það er að mati höfunda of mikið efni að fyrir börnin að meðtaka allar þessar upplýsingar í einu. Bókunum verður skipt upp í þrjá hluta, byrjað verður á því að fjalla um breytinguna sem stúlkurnar eru ganga í gegnum og spennuna sem fylgir því að byrja í nýjum skóla. Næst verður fjallað um stríðnina og eineltið og hvernig breyting er á líðan stúlnanna þegar þær lenda í því. Í þriðja hlutanum er fjallað um nýja vini eins og þær Fjóla og Lena eignast, hversu gott það er að finna að einhver vill vera vinur þinn og styður þig í gegnum erfiðleika. Í þessum lokahluta er fjallað um hvar gerendurnir sjá að sér og biðjast afsökunar á hegðun sinni. Eftir að hverjum hluta er lokið verður rætt um hann og skráð niður hvað er sagt. Þegar lokið er við hvorra bók fyrir sig verður byrjað á þemavinnu þar sem rifjað verður upp þær umræður sem hafa komið fram eftir hvern hluta. Að því loknu fá börnin að tjá hugmyndir sínar með því að teikna, leika eða annað sem þau geta skapað. Það sem höfundar vilja fyrst og fremst ná fram með þessari vinnu er að börnin finni samkennd með stúlkunum og að þau læri að standa með vinum sínum ef þeir verða fyrir stríðni eða einelti. Hver leikskólakennari verður að vinna miðað við þann barnahóp sem hann er með því barnahóparnir geta verið mjög ólíkir. Úthald og áhugi barnanna skiptir miklu máli hversu mikið efni hægt er að fara yfir að hverju sinni. Leikskólakennarinn þarf að fá

börnin til þess að svara spurningum og koma með nýjar spurningar, til fá þetta fram verður hann að vera með nokkrar spurningar tilbúnar.

Þar sem Lena Sól fjallar um stríðni geta spurningar byrjað svona:

- Hvers vegna voru drengirnir að stríða Lenu Sól í skólanum?
- Af hverju leið Lenu illa þegar konurnar voru að tala saman?
- Má stríða einhverjum ef hann vill það ekki? Hvers vegna ekki?

Má ég vera memm? Sem fjallar um einelti:

- Af hverju vildu stelpurnar ekki leyfa Fjólu að vera með?
- Hvernig leið henni þegar krakkarnir voru að stríða og meiða hana?
- Hvernig leið henni þegar hún fékk nýja vinkonu?
- Er fallett að láta einhverjum líða illa eins og Fjólu leið? Hvað er hægt að gera til þess að henni líði ekki illa?
- Hvað gerði Fjóla í lokin þegar Sif og Kata báðu hana fyrirgefningar?

Út frá þessum spurningu er hægt að kafa dýpra með því tala um útlit en það er einmitt það sem kemur fyrir í báðum bókunum. Í gegnum spurningar eins og þessar læra börnin einnig mörg orð yfir tilfinningar sínar og annarra, einnig hvað er rétt og rangt.

Allt það sem börnin gera tengt þemavinnunni verður gert sýnilegt og því verða umræður og myndir sem þau gera, ljósmyndir sem teknar eru hengdar upp fyrir börnin sjálf, önnur börn á leikskólanum, kennarana og foreldra. Það ætti að sýna börnunum myndirnar í bókunum sérstaklega í *Má ég vera memm?* þar sem að myndirnar eru stórar og litríkar. Eftir að bækurnar hafa verið lesnar fyrir börnin yrðu notaðar þrjár leiðir til þess að fá þau til þess að tjá sig um efnið. Fyrst eru það almennar umræður þar sem líðan stúlkanna í bókunum er rædd, út frá því geta skapast umræður þar sem börnin segja frá sinni upplifun og koma jafnvel með sögur af sjálfum sér. Að umræðum loknum svo farið út í leikræna- og myndræna tjáningu en í gegnum það eiga börnin mun auðveldara með að vinna úr tilfinningum og túlkun sinni á líðan stúlkanna í bókunum. Farið er nánar í þessar leiðir í næstu köflum. Ástæðan fyrir því að þessar leiðir eru valdar til að nálgast viðfangefnið einelti er sú að börn á leikskólaaldri eiga auðvelt með að tjá sig í gegnum umræður sem tengjast vissu viðfangsefni og í gegnum sköpunina, þetta er byggt á námi og reynslu sem að

höfundar hafa af starfi sínu með leikskólabörnum. Leikskólakennararnir ákveða hvernig unnið er með þemað einelti og stríðni og setja niður ramma sem er notaður í upphafi, út frá þessum hugmyndum fá svo börnin að þróa verkefnið út frá sínu sjónarhorni og hugmyndum sem koma fram í leik þeirra. Börn túlka heiminn og vinna úr tilfinningum sínum í gegnum leikinn.

10.2 Umræður með börnum

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) segir að tungumálið sé mikilvægt tæki manna til boðskipta. Því beri leikskólakennurum að leggja áherslu á málrækt í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Einnig skulu leikskólakennarar hvetja barnið til að segja frá, spyrja og hlusta með athygli. Hvetja á barnið til þess að segja frá atburðum sem það hefur upplifað og öðru sem að því er hugleikið og þá eigi leikskólakennarinn að hlusta af athygli (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:20). Með því að leggja áherslu á þessi markmið hjálpa leikskólakennarar börnum að auka færni sína til samskipta. Samskipti eru mikilvæg til þess að leysa ágreining og þannig tengjast þessi markmið forvörnum gegn einelti.

Ef unnið er markvist að þessum markmiðum getur það hjálpað til þegar kemur að því að byrja að vinna með bækurnar. Vegna þess ef börnin eru óhrædd við að ræða um það sem er verið að lesa og hafa færni til þess að nota tungumálið til þess að tjá tilfinningar sínar og skoðanir, ætti viðkvæmt efni eins einelti ekki að vera erfitt umræðuefni. Með því að notast við þessar tvær bækur um Lenu Sól og Fjólu þar sem talað er um vanlíðan þeirra vegna stríðni og einelti ættu börnin að geta rætt opinskátt um tilfinningar sínar og hvernig þeim leið ef að þeim hefur verið strítt. Það gæti verið auðveldara fyrir sum börn að ræða um tilbúnar sögupersónur heldur en eigin lífsreynslu.

Með umræðum um stríðni og einelti er hægt að hjálpa börnum að skilja hversu sárt það er að vera skilinn útundan en samkvæmt Olweus er óbeint einelti þegar þolandinn er útilokaður eða einangraður frá hinum í hópnum (Pettersen, 1997:13). Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) segir að samræður sem byggjast á opnum spurningum, krefjast íhugunar og örva gangrýna hugsun. Börn spyrja oft heimspekilegra spurninga þar sem ein spurning getur vakið upp nýja (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:20). Leikskólakennarinn þarf því að vera vel undirbúinn til þess að leiða umræður og að geta svarað þeim spurningum sem börnin gætu hugsanlega

borið upp. Út frá lestri bókanna eru börnin jafnvel með margar hugmyndir um hvernig hægt er að koma í veg fyrir eða hjálpa þeim sem verða fyrir stríðni og einelti.

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) kemur fram að það sé nauðsynlegt að gæta þess að hvert barn fái tækifæri til þess að leggja eitthvað til málanna (Aðalnámskrá leikskóla 1999:20). Þessu eru höfundar sammála því það er nauðsynlegt að hvert barn fái að koma skoðun sinni á framfæri, barn sem segir lítið og hefur ekki öryggi til það tjá sig á hættu að verða undir í hópnum (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:20). Börn eru mjög frjó í hugsun og má búast við mjög fjölbreyttum spurningum frá þeim og það er aldrei hægt að vita við hverju má búast. Bækur geta verið góð kveikja til þess að fá þau til að velta fyrir sér einelti. Bækurnar um Lenu Sól og Fjólu eru góðar kveikjur til þess að ræða við börnin um einelti. Kennarinn verður þó að hefja umræðurnar með einfaldri spurningu eins og hvernig ætli stúlkunum líði þegar þeim er strítt? Eða hvernig getum við hjálpa þeim sem er strítt?

Eftir að bækurnar hafa verið lesnar og umræðurnar hafa staðið yfir í ákveðið langan tíma, að minnsta kosti þannig að leikskólakennarinn finnur að börnin eru búin að fá nægan tíma til þess að leyfa efninu að síast inn. Leikskólakennarinn verður að meta þetta eftir sínum barnahóp því börn eru mismunandi og barnahópurinn einnig, þannig að það er ekki hægt að setja ákveðin tímaramma sem passar fyrir alla. Þegar leikskólakennarinn metur börnin vera tilbúin að halda áfram þá geta börnin fengið að vinna áfram með hugleiðingar og hugmyndir sínar. Leikræn og myndræn tjáning eru góðar leiðir til þess að börn geti rannsakað og tjáð sig um þær hugmyndir sem þau hafa um einelti og stríðni.

10.3 Leikræn og myndræn tjáning

Leikræn tjáning er aðferð þar sem börn túlka námsefni með leikrænum hætti. Markmið leikrænnar tjáningar eru mismunandi, markmiðin sem notast væri við í samhengi við þessar tvær bækur væri að stuðla að samvinnu og samkennd í hópnum og styrkja tilfinningalíf barnanna. Það er viss skyldleiki með leiklist og leikrænni tjáningu þó eru þetta ekki sömu hlutir og það eru nokkur mikilvæg atriði sem að skilja þessi tvö fyrirbæri að. Í leikrænni tjáningu þarf sýning ekki að koma við sögu og megintilgangurinn er fólgin í þátttökunni, það að vera með. Oftast tekur allur hópurinn þátt á sama tíma þannig að allir eru í leikhlutverki og enginn í hlutverki áhorfenda (Ingvar Sigurgeirsson 1999:102).

Leikræn tjáning er byggð á mismunandi kennsluáðferðum og eftirtaldar aðferðir eru þær sem helst mætti nota í þessu samhengi:

- Tengsl- og traustæfingar: markmið þessara æfinga er að styrkja tengsl innan hóps og efla innbyrðistraust.
- Leikþættir: þar er átt við ýmiss konar sviðsetta leikþætti t.d byggt er á bók. Þetta væri stór hluti af vinnunni með bækurnar tvær.
- Brúðuleikhús: nota má brúðuleikhús til að setja á svið leikþætti með svipuðum hætti og leikrit.

(Ingvar Sigurgeirsson, 1999:103-104)

Með því að börnin setji upp leikþætti þar sem að leikinn eru atriði og tilfinningar úr bókunum tveimur *Lena Sól* og *Má ég vera memm?* Með því væri hægt að leika atriði þar sem er verið að stríða Lenu Sól fyrsta daginn í skólanum vegna þess að hún er með öðruvísi skólatösku en hinir, síðan var hægt að leika tilfinningar úr *Má ég vera memm?* til dæmis hvernig Fjólu líður þegar hin börnin eru að kalla hana illum nöfnum.

Í Stig af stigi er notast við ljósmyndir til þess að hjálpa börnum að þekkja mismunandi tilfinningar. Það yrði stuðst við þess aðferð með því að búa til myndir sem lýsa tilfinningum úr bókunum, sem dæmi að hafa mynd af Fjólu þar sem hún er leið vegna þess að það er búið að kaffæra henni í snjó. Börnin ættu síðan að segja hvaða tilfinningar Fjóla er að glíma við eða myndinni yrði snúið á gerendurnar og börnin beðin um að leggja mat á hvaða tilfinningar þeir sýna. Börnunum yrðu gefnar sjö tilfinningar sem notaðar eru sérstaklega í Stig af stigi en þær eru glaður, leiður, reiður, hissa, hræddur, andstyggð og áhyggjufullur (Committee for children, 2002). Stig af stigi er eins og komið hefur fram skipt í þrjú stig, í fyrsta stiginu eru notaðar tvær brúður, hundur og snigill, þessar brúður væri hægt að nota til þess að setja upp brúðleikhús þar sem að brúðurnar myndu leiða söguna og biðja börnin að leggja mat á hvaða tilfinningar Lena Sól og Fjóla sýna.

Ef að samkennd og samvinna er til staðar í barnahópnum þá er hægt að ætla að minni líkur séu á því að eitt barn verði útundan, hópurinn verður samheldnari og allir eignast sinn sess. Það er þá líklegra ef verið er að stríða eða leggja eitt barn í einelti þá verði hinir í hópnum ekki meðhlauparar eins og talað er um hér fyrir ofan þ.e.a.s. klapplið sem hvetur gerendann áfram. Það eru þá meiri líkur á því að hin börnin verji þann sem lagður er í einelti. Þegar tilfinningarlíf barna er styrkt og þeim

kennt að þekkja tilfinningar sínar og takast á við þær er hugsanlegt að barni sem að líður illa vegna þess að það býr við minni hlýju, nálægð og öryggi frá sínum nánustu en önnur börn eins og Svava Jónsdóttir bendir á í bók sinni *Hið þögla stríð* (2003) nái að takast á við tilfinningar sínar í stað þess að verða að hugsanlegum geranda eineltis. Rannsóknir hafa sýnt að þessi einkenni eru sameiginleg mörgum gerendum eineltis. Ef að börn ná að skilja tilfinningar sínar og annarra er líklegra að þau bregðist ekki við þeim neikvæðu tilfinningum sem að stuðla að því að leggja í einelti.

Annars konar tjáning sem notast yrði við er myndræn tjáning eða myndsköpun. Myndsköpun er eitt af tjáningarformum barns. Barnið tjáir reynslu sína og tilfinningar í gegnum myndir sínar. Myndsköpun endurspeglar hugargheim og þroska barnsins. Til þess að vinna með bækurnar í myndsköpun myndu þær vera lesnar og síðan myndu börnin velja sér atriði í bókinni til þess að túlka sjálf. Það væri hægt að biðja börnin um að túlka tilfinningar aðalpersónur bókanna eða leggja sína túlkun á tilfinningar gerenda. Einnig væri hægt að reyna að fá börnin til að lýsa með myndum sínum aðstæðum eða tilfinningum sem að þau hafa upplifað í sambandi með einelti og stríðni. Einnig væru sjö tilfinningarnar sem að Stig af stigi notaðar, börnin myndu velja sér eða leikskólakennarinn velur fyrir þau tilfinningu til þess að túlka myndrænt.

11 Niðurlag

Margir fræðimenn hafa lagt fram skilgreiningar á einelti og þeim greinir ekki mikið á um skilgreininguna. Dan Olweus er einn fremsti fræðimaður eineltis og er skilgreining hans mikið notuð í opinberum tilgangi þar sem eineltisáætlun hans er notuð í mörgum skólum bæði hérlendis sem og erlendis. Mikilvægt er að gera greinamun á stríðni og einelti þar sem þetta eru tveir ólíkir hlutir, þó getur stríðni þróast og orðið alvarleg.

Birtingarmynd eineltis er margvísleg og skiptist í munnlegt-, félagslegt-, efnislegt-, andlegt- og líkamlegt einelti. Nauðsynlegt er að þeir sem koma að eineltismálum þekki mismunandi birtingarmyndir þess. Merkin geta verið augljós þegar um líkamlegt ofbeldi er að ræða en erfiðara að bera kennsl á þegar hinar birtingarmyndir eineltis eru tilstaðar. Guðjón Ólafsson bendir á í bók sinn *Einelti* frá árinu 1996 þrjú einkenni sem að foreldrar og kennarar geta verið vakandi fyrir auk þess að benda á afleidd einkenni. Allir sem vinna með börnum og eiga börn þurfa að

vera meðvitaðir um einelti til að hægt sé að grípa inn í áður en eineltið gengur of langt.

Þolendum eineltis er skipt í tvo hópa, aðgerðalausir eða undirgefnir þolendur og ögrandi þolendur. Ástæður fyrir eineltis þessara hópa er mismunandi, það er þó oft ekki nein augljós ástæða fyrir því af hverju sumir einstaklingar eru lagðir í einelti. Svo virðist sem félagsleg staða skipti máli. Þau börn sem eru veik fyrir félagslega verða gjarnan fyrir einelti og þeir sem eru félagslega sterkir eru oftast gerendur eineltis.

Gerendur eineltis eru oftast einstaklingar sem eiga við vandamál að stríða og upphefja sjálfan sig með því að láta öðrum illa. Rannsóknir hafa sýnt fram á að gerendur eineltis búa við minni hlýju, nálægð og öryggi frá sínum nánustu. Þeir fá ekki sömu skilaboð og önnur börn um hver munurinn er á réttu og röngu. Þess vegna er mikilvægt að kenna ekki börnum sem eru gerendur eineltis alfarið um þessa hegðun, þau bera ábyrgð á gerðum sínum en það á ekki að refsa þeim heldur hjálpa þeim að vinna úr þeim tilfinningum sem gera það að verkum að þau verða gerendur eineltis. Hópur sem að tengist gerendum eineltis eru meðhlauparar (s. meðhjálparar) þeir eru eins og klapplið sem tekur stundum þátt í eineltinu og stundum ekki. Þetta er hópur sem að þarf að vekja athygli á vegna þess að þeir eiga oft beinan og/eða óbeinan þátt í eineltinu og þurfa kennarar að gera sér grein fyrir þessu þegar unnið er gegn einelti. Eins og fram hefur komið geta afleiðingar eineltis verið hræðilegar. Það segir mikið þegar sagt sé að einelti valdi sömu tilfinningum og hjá þeim sem verða fyrir sífjaspelli og pyntingum. Það er erfitt að hugsa sér að börn geti látið öðrum börnum líða svo hræðilega og það gerist of oft að þolendur eineltis fremja sjálfsmorð þegar þeir geta ekki meir.

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur orðið einelti aldrei fyrir en hægt að er að lesa í textanum um hin ýmsu námsvið sem hægt er að nota til þess að vinna gegn einelti. Það virðist ekki vera eins viðurkennt að einelti sé til staðar í leikskólum eins og í grunnskólum. Flestir grunnskólar hafa einhverja eineltisáætlun í notkun og þar af leiðandi eru allir starfsmenn meðvitaðir um hverju þarf að fylgjast með og hvernig bregðast eigi við ef einelti kemur upp. Hvert er þá hlutverk leikskólans þegar kemur að forvörn eineltis? Leikskólinn reynir alltaf að láta hag barnsins ganga fyrir og það er í hag barnsins að starfsfólk leikskólans skilji og viti hvað einelti er og einnig að hjálpa börnum að skilja að stríðni og einelti getur sært.

Það eru aðallega þrjár eineltisáætlanir sem eru í notkun á Íslandi, Olweusaráætlunin, Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun og Stig af stigi. Olweusaráætlunin er sú algengasta en Stig af stigi er sú eina sem er fyrir grunnskólabörn en einnig fyrir elstu börn leikskólans. Hér á undan var stuðst að vissu leiti við Stig af stigi í úrvinnslu bókanna tveggja *Leni Sól* og *Má ég vera memm?* Þar sem þekking barna á tilfinningum er tengt við leikræna- og myndræna tjáningu.

Þegar leitað var að rannsóknum um einelti á leikskólum vakti athygli að ekki fundust margar rannsóknir sem fjalla um þetta ákveðna efni og þær rannsóknir sem fundust eru ekki nýlegar. Fræðimenn virðast ekki hafa eins mikinn áhuga á að rannsaka einelti í leikskóla eins og í grunnskólum. Rannsóknirnar sem fjallað var um hér að ofan eru tvær en eftir sama fræðimann prófessor Alsaker, fyrri rannsóknin var með leikskólabörnum þar sem hann byggði niðurstöður á skoðunum og upplifunum barnanna, seinni rannsóknina var með leikskólakennurum þar sem hann tók viðtöl við tuttugu leikskólakennara. Niðurstöður þessara rannsókna sýndu fram á það að einelti var til staðar í þessum leikskólum.

Hlutverk leikskólakennarans er að sjá til þess að öllum börnum líði vel í leikskólanum, þetta geta þeir gert með því að sjá til þess að einelti sé ekki til staðar og kenna börnum um hvað einelti er. Eins og rannsóknir Alsaker sýna þá eru leikskólakennarar mjög óruggir um hvað einelti er, hvernig það birtist og hvernig eigi að bregðast við. Leikskólakennararnir töluðu um að hafa ekki fengið fræðslu um einelti í sínu námi (Alsaker, 1997:37). Það felst mikið öryggi í vitneskju, það að vita hvernig nákvæmlega hvað eigi að gera ef einelti kemur upp í barnahóp á leikskóla. Eitt af því sem að leikskólakennari getur gert til þess að vinna gegn einelti er að efla félagsfærni barna. Það er hægt að gera með því að styrkja hæfileika hvers barns með því eykst sjálfstraust og þar af leiðandi eykst færni barnsins í samskiptum.

Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í öllu leikskólastarfi þar á meðal þegar kemur að einelti. Samkvæmt Svövu Jónsdóttur (2003) er mjög mikilvægt ef barn lendir í einelti að foreldrar trúi barni sínu og standi með því. Foreldrum getur sjálfum liðið illa og viljað ná fram hefndum en það er ekki í hag barnsins. Foreldrar eru mestu baráttumenn barna sinna en þeir þurfa að fara rétt að. Mikilvægt er að hafa strax samband við skólann og reyna í samvinnu við starfsfólk að finna lausn á málinu.

Ákveðið var að leggja fram áætlun um hvernig hægt sé að nota barnabækur sem forvörn í leikskóla. Góðar barnabækur sýna börnum veruleikann eins og hann er

og fá þau til að hugsa. Bækurnar sem ákveðið var að nota voru *Lena Sól* eftir Sigríði Eyþórsdóttur og *Má ég vera memm?* eftir Hörpu Lúthersdóttur þessar bækur urðu fyrir valinu vegna þess að þær fjalla um stríðni og einelti og vegna þess að þær höfðu, að mati höfunda, til barna á leikskólaaldri. Bækurnar tvær fjalla um stúlkur sem eru að byrja í skóla, önnur verður fyrir stríðni og hin verður fyrir einelti. Unnið yrði með bækurnar til þess að fá börn að skilja hvað einelti og stríðni sé. Einelti og stríðni yrði sett upp sem þema sem unnið væri með í nokkra mánuði. Til þess að bækurnar þjóni tilgangi í forvarnarskyni var ákveðið að sameina kennsluáðferðir um hvernig skuli lesa bækurnar. Fyrsta aðferðin er skipulagðar umræður með börnunum þar sem leikskólakennari stýrir umræðum um líðan stúlkanna í bókunum. Samræður sem byggjast á opnum spurningum krefjast íhugunar og örva gangrýna hugsun. Börn spyrja oft heimspekilegra spurninga þar sem ein spurning getur vakið upp nýja (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:20). Reynt er með þessu að fá börnin til að skilja hversu sárt það er að lenda í einelti og að hjálpa börnunum setja tilfinningar í orð. Leikræn og myndræn tjáning væru tvær aðferðir sem notaðar yrðu á eftir umræðunum. Leikræn tjáning er aðferð þar sem börnin myndu túlka bækurnar, aðstæður og tilfinningar stúlkanna með leikrænum hætti. Markmiðið með þessari aðferð væri að nota þessar tvær bækur til að stuðla að samvinnu og samkennd í hópnum og styrkja tilfinningalíf barnanna. Samhliða leikrænni tjáningu væri notuð myndræn tjáning þar sem að börnin myndu nota myndlist til þess að tjá tilfinningar sínar og túlka ákveðin atriði úr bókunum.

Einelti er staðreynd í okkar samfélagi og börn á leikskólaaldri verða fyrir einelti þess vegna er nauðsynlegt að forvarnir byrji snemma, en það þarf að kanna þennan vettvang betur bæði á Íslandi og erlendis. Nauðsynlegt er að rannsaka hvernig einelti lýsir sér í leikskóla með það í huga hvort að það sé öðruvísi en í grunnskólum, hvort að umhverfi og aldur barnanna hafi áhrif o.s.frv. Það er ekki hægt að heimfæra forvarnarstefnu grunnskólanna yfir á leikskólann og því er nauðsynlegt að sníða sér stakk eftir vexti og mynda eineltis forvarnaráætlun fyrir leikskóla. Það er í höndum fagstéttar leikskólakennara að skapa forvarnaráætlun og miðla þekkingu og vitneskju um einelti og hugsanlegar forvarnaraðferðir.

12 Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla – Barnahópurinn (1999) Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla – Leiðir að markmiðum (1999) Reykjavík.
Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla – Leikurinn (1999) Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla – Málrækt (1999) Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla- Velferð nemenda (1999) Reykjavík.
Menntamálaráðuneytið. Sótt 17. mars 2010 af
<http://www.ismennt.is/vefir/namskra/g/almennt/almennur.html>

Alsaker, Françoise D. (1997). Mobbing i barnehagen. *Undersökelse om mobbing i barnehagen i Bergen og i Sveits*. (ritstj. Reidar J. Pettersen), Oslo, Sebu forlag.

Alþingi. (2008), Lög um leikskóla nr. 90. 12. júní. Gr. 2 Markmið. Sótt 28. febrúar 2010 af <http://www.althingi.is/lagas/135b/2008090.html>

Committee for children. (2002). Review of Research. Second step. Preschool, kindergarten. Sótt 13. apríl 2010 af
<http://www.cfchildren.org/programs/str/research/>

Elín Einarsdóttir og Guðmundur Ingi Leifsson. (2001). *Saman í sátt*. Reykjavík.
Námsgagnastofnun.

Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson (2004)
Lífsleikni – sjálfstraust, sjálfsagi og samkennd. Handbók fyrir kennara og foreldra. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

- Guðjón Ólafsson, (1996). *Einelti*. Reykjavík. Gráskinna.
- Ingvar Sigurgeirsson, (1999). *Litróf kennsluáðferðanna*. Reykjavík, Æskan ehf.
- Jóhanna Einarsdóttir, (2003). *Þegar bjallan hringir þá eigum við að fara inn, viðhorf leikskólabarna til leik- og grunnskóla*. Sótt 15. mars 2010 af <http://netla.khi.is/greinar/2003/005/prent/index.htm>
- Menntamálaráðuneytið. (2003) Vefrit menntamálaráðuneytis. Olweusaráætlunin gegn einelti 45 grunnskólum. Sótt 14. febrúar 2010 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Vefrit/122003.pdf
- Pettersen, R. (1997). *Mobbing i barnehagen*. SEBU forlag. Senter for barnehageutvikling.
- Olweus, D. (1994). *Mobbing i skolen. Hva vet vi og hva kan vi gjøre*. Oslo. Universitetsforlaget.
- Olweus, D.(2003). *Einelti meðal barna og unglunga: ráðleggingar til foreldra* Reykjavík .
- Reynir ráðgjafastofa. (á.á.) *Markmiðin með stig af stigi*. Sótt 14. febrúar 2010 af <http://www.reynismenn.is/index.php?pid=107>
- Roland, E og Sörensen Vaaland, G. (1996). *Mobbing i skolen – en lærerveiledning*. Senter for atferdsforskning. Høgskolen i Stavanger
- Sharp, S og Smith, P. (2000). *Gegn einelti handbók fyrir skóla*. Reykjavík. Æskan.
- Svava Jónsdóttir. (2003). *Hið þögla stríð einelti á Íslandi..* Reykjavík. Salka.

Sprague, J og Golly, A. (2008). *Til fyrirmyndar heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun.* (Reynir Harðarson þýddi). Skrudda. Þjónustumiðstöð Breiðholts. (upphaflega gefið út 2006)

Umboðsmaður barna. (á.á.). Einelti. Sótt 17. janúar 2010 af
<http://www.barn.is/adalsida/malaflokkar/ofbeldi/einelti/#2>

Þorlákur H. Helgason.(2009). *Einelti góð ráð til foreldra.* Heimili og skóli-landsamtök foreldra. Reykjavík. Sótt 12. febrúar 2010 á
<http://olweus.is/eineltisaaetlun.cfm>

Þórhildur Línal.(1998). *Einelti kemur öllum við.* Umboðsmaður barna. Sótt 17. janúar 2010 af
http://www.barn.is/barn/upload/files/utgefid_efni/adrar_skyrslur/einelti_kemur_ollum_vid_1999.pdf